



**Ræða  
forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
á hátíðarsamkomu  
á Stöðvarfirði  
28. maí 2001**

Góðir Austfirðingar

Það hefur svo sannarlega verið ánægjulegt að koma aftur til ykkar og ég vil þakka fyrir hlýjar og góðar móttökur, fróðleik og skemmtan sem einkennt hafa dagskrána hér á Fjörðunum frá því snemma í morgun og til samkomunnar nú í kvöld.

Fjöllin og firðirnir, sá leikur að litum, formi og lögun sem mótar náttúruna hér eystra er í senn heillandi og sérstæð umgjörð um hið góða mannlíf sem svip setur á byggðarlögin.

Við höfum kynnst því í dag hve mikill metnaður er hér lagður í uppeldi æskunnar og skólastarfið, að unga fólkið er stolt af sinni heimabyggð og staðráðið í að láta til sín taka í framtíðinni.

Mannfólkið er mikilvægasta uppspretta framfara og farsældar, undirstaða þeirra umbóta sem best munu duga um ókomna tíð og því skiptir öllu að æska byggðanna njóti traustrar fræðslu og tækifæra til að nýta sér þá tækni sem veitir aðgang að upplýsingum og þekkingarsjóðum um veröld víða. Samt er það líklega mannlífið sjálft sem fóstrað er í sjávarbyggðum sem er sá fjársjóður reynslu og þroska sem best mun duga á langri leið.

Ég hef stundum getið þess hve þakklátur ég er fyrir að hafa alist upp í sjávarplássi, kynnst því hvernig gæftir og góður afli móta hagsæld byggðarlagsins, hvernig samstaðan ræður úrslitum um árangur og nálægð við góða granna skapar samkennd og skilning á því hvernig líf okkar og örlög eru í reynd samtvinnuð þegar harðnar á dalnum og erfiðar þrautir verður að leysa.

Þið hafið hér eystra verið ötul við það á undanförunum árum að endurvekja sögu og menningu fyrri tíðar til að skapa úr arfleifðinni efnivið til nýrrar sóknar. Það er merkilegt umhugsunarefni þegar athyglin beinist að alþjóðavæðingu á flestum sviðum að Austfirðir voru um aldrei eins konar gluggi landsins að umheiminum. Hingað komu sæfarendur, sjósóknarar og vel búin kaupskip víða að og sumir komu sér upp bækistöðvum til að geta betur sinnt viðskiptum við heimamenn. Hér voru gestkomandi norskir og þýskir, breskir og franskir og er mikil saga af áhrifunum sem þeim fylgdu. Brynes verslun og Gránufélag, kaupmennirnir Friðrik Wathne og Carl Tulinius voru þátttakendur í mótun byggðar meðan Ísland laut enn erlendri stjórn en síðar komu kaupfélögin og innlendir athafnamenn sem settu aukinn kraft í uppbygginguna sem styrkti jafnt og þétt sveit og byggðarkjarna í hverjum firði.

Skemmtilegt er að sjá hvernig saga Frakka á Fáskrúðsfirði hefur orðið uppspretta nýrra viðfangsefna og stuðlað að því að gera héraðið forvitnilegra fyrir þá ferðamann sem hingað koma. Víða er að finna í góðum bókum snjalla texta sem kallast á við þessa sögu; kannski er stundum fært í stílinn eins og hjá Gunnari Gunnarssyni, hinum austfirska skáldjöfri, sem lýsir því í Fjallkirkjunni þegar Sigga Mens var að hræða drenginn Uggja:

„Láttu sem ég þekki flandrara og aðra franseisa. Þú ættir að vita hve mörgum rauðhærðum drengjum þeir hafa rænt úr landi eða fengið fyrir lítið. Þú ættir að sjá þá! Svarthærðir, svartskeggjaðir, augun svört, kolsvartir á brún og brá! Og það er líka svört í þeim sálin. Annars myndu þeir fremur kjósa að verða ekki varir en beita mannakjöti, hvíslaði hún.

Beita þeir önglana sína mannakjöti? spurði ég þurr í kverkunum.

Aðeins drengjakjöti! Framar öllu kjöti af rauðbirknum fáráðlingum, trúði Sigga mér fyrir lágróma: En þeir ættu minnsta kosti að geta lógað þeim þokkalega í stað þess að hengja þá upp á afturfótunum og flá þá lifandi. Þú trúir mér kannski ekki? Með eigin eyrum hef ég þó heyrt í þeim hljóðin, ég veit ekki betur. “

Eða þessa lýsingu á afa á Knerri:

„Hvaðan ég fái síróp, gneggjaði afi. Hjá flöndrurum vitaskuld. Sel þeim kindur, kálfa, prjónles; fæ í staðinn síróp, púðursykur, biskví, franskvín - rautt og hvítt, pompólabrauð.

Afi á Knerri er útfarinn í að höndla við fransara, raga verð og gæði vörunnar, leggja á heimavarninginn; um að gera að kunna að blóta á frönsku, segja djablenor! – sakarímalistúa! Hvað það þýðir? Það veit ég

aldrei - hef aldrei vitað. En þeir láta sig, gera gumkaup! Komir þú að Knerri, skal ég skreppa með þig út til þeirra; þetta er viðkunnanlegasta fólk, vænir við börn, vitlausir í börn. “

Þó má fá yfirvegaðri og rólegri lýsingu í öðrum ritum líkt og þennan texta úr ferðalýsingu Þorvaldar Thoroddsen sem fór um Austfirði fyrir röskum hundrað árum:

„Fáskrúðsfjörður er aðalstöð frakkneskra fiskimanna við Austurland, og er þar því oftast fullt af frönskum duggum. Hafa landsbúar mikil mök við þá og verslun. Hver getur vel gert sig skiljanlegan fyrir öðrum, því að þar og víðar í fjörðunum hefir skapast mjög skringilegt hrognamál, samsett af frakkneskum, þýskum og íslenskum orðum, er þeir nota til viðurtals.“

Fyrir áratug setti Elín Pálmadóttir saman fróðlega bók um hina frönsku Íslandssjómenn og þar eru Austfirðir að sjálfsgöðu í öndvegi. Um tíma voru við Ísland nærri fimm þúsund sjómenn á hverri vertíð og um tvö hundruð seglskip á siglingu við fjarðarmynni, oft erfiði og vosbúð fjarri heimahögum eða eins og eftirlitsmaðurinn sem fylgdist með veiðunum árið 1888 spurði: „Og hefur nokkur maður hugmynd um það erfiði og kvalir sem það kostar að sækja þennan fisk handa Parísarbúum?“.

Og ekki má gleyma skáldunum góðu sem hér öðluðust vit og þroska til að skapa sögur og ljóð sem lengi lifa. Sr. Einar Sigurðsson sem Heydali eða Eydali sat fyrir fjórum öldum var svo ötull við skáldskapinn að talið er að eftir hann liggi meira af kveðskap en nokkurn annan Íslending fram á hans daga. Njótum við enn á jólahátíð hins fagra sálms sem hann orti:

„Nóttin var sú ágæt ein,  
í allri veröld ljósið skein,  
það er nú heimsins þrautarmein  
að þekkja hann ei sem bæri.  
Með vísnasöng ég vögguna þína hræri“

Annar prestur sr. Ólafur Indriðason þjónaði á Kolfreyjustað þar sem við komum í morgun og áttum góða stund í kirkjunni. Synir hans tveir, Páll og Jón, léku sér hér á víðum völlum og báru ætíð svipmót af uppeldinu sem þeir fengu eystra. Páll varð ástsælasta alþýðuskáld á sinni tíð og jafnvel lengi síðan, svo hagamæltur og hraðkvæður að hann átti sér fáa líka. Jón varð víðfrægur ritstjóri og skáld, áhrifamaður þegar sjálfstæðisbaráttan stóð sem hæst, og orti árið 1908 þessar skemmtilegu Jónsmessuvísur í Fáskrúðsfirði:

„Mér brosir í vorsólu blíðlega mót  
þú blessuð sveitin mín fríða;  
mér brosa við klettar og grundir og grjót,  
hver grásteinninn sýnir mér vinarhót.  
Í dag er sú inndælis blessunar-blíða;  
hún ber mig í huga til æskunnar tíða.

Hér fer ég um áttuga fornan veg  
út um firðina' og upp til dala.  
Nú er framtíð Íslands svo álitleg –  
sem auðnunnar vorboði ferðast ég.  
Yfir þjóðinni birtir; nú brýzt hún úr dvala.  
Það bergmálar hátt þegar steinarnir tala.“

Já, hér liggja víða rætur sem mótað hafa ríkulega hið íslenska þjóðlíf  
sem við höfum hlotið í arf og það er vissulega fagnaðarefni að þið sem  
hér búið nú hafið sýnt þeirri arfleifð trúnað og ræktarsemi.

Það getur verið gaman að rifja upp lýsingar á mannlífi og  
þjóðháttum frá fyrri tíð eins og þessa lýsingu Árna Sigurðssonar á  
Breiðdælingum um það bil sem Alþingi var endurreist og Jón Sigurðsson  
var að hefja sjálfstæðisbaráttuna. Árni segir:

„Á siðferðilegu stigi stóðu Breiðdælingar fullt svo hátt sem  
nágrannasveitirnar. Samkomulag milli hjóna, foreldra og barna,  
húsbænda og hjúa, var yfirleitt friðsamlegt. Að vísu var það ekki alls  
staðar jafngott, og á stöku heimilum hafði það bæði mátt og átt að vera  
betra. Hið sama má segja um samkomulag nágranna. Stundum kom þó  
upp nágranna krytur, en hann hjaðnaði oftast fljótlega niður aftur, enda  
voru orsakirnar jafnan lítilvægar. Í innbyrðis viðskiptum voru menn  
almennt hreinlyndir og orðheldnir. Það sem menn lofuðu statt og stöðugt,  
stóð ævinlega eins og stafur á bók. Kæmi það fyrir, sem mjög sjaldan átti  
sér stað, að einhver sýndi prettvísi eða sviksemi í kaupum og sölum, eða  
öðrum viðskiptum, leitaði sá, er fyrir óréttinum þóttist verða, réttar síns  
með því að stefna honum fyrir sáttanefnd. Tókst sáttanefndarmönnum  
ævinlega að miðla svo málum, að málsaðiljar sættust, oftast heilum  
sáttum. Og ekki man eg eftir því, að skuldamálum, eða öðrum  
einkamálum manna væri nokkur tíma vísað til dóms og laga. Þjófnaður  
kom aldrei fyrir þar í sveit frá því að eg man fyrst til, og þar til eg fór burt  
úr Breiðdal árið 1863“.

Saga Austfjarða er merkileg og byggðir til sjávar og sveita hér í  
fjórðungnum hafa lagt stóran skerf til framfararsóknar þjóðarinnar á  
nýliðinni öld. Oft komu að vísu erfiðir tímar en ætíð tókst að sækja fram á

ný og skjóta styrkari stoðum undir atvinnulíf og búskaparhætti. Vera kann að sumum finnist nú vera á brattann að sækja og framtíð byggðanna í óvissu en þá er hollt að horfa yfir farinn veg og sækja bjartsýni og þor í þann árangur sem áður náðist.

Austfirðir eru ríkir að landkostum og náttúrufegurð og fengsæl fiskimið hafa hér löngum skilað góðum afla. Með samtakamætti og sóknarvilja hafa íbúar fjórðungsins náð jafnt og þétt nýjum áföngum á framfarabraut, nýtt tækifærin sem breytingar á tækni og lífsháttum hafa borið með sér, spunnið úr arfleifð aldanna og aðbúnaði á hverjum tíma nýjan vef, undirstöðu farsældar og heilbrigðs mannlífs.

Það var gæfa Íslendinga á nýliðinni öld, þeirri sem færði okkur fyrst heimastjórn og síðar fullveldi og sjálfstæðan sess í samfélagi þjóða, að við varðveittum byggðirnar til sjávar og sveita, að landsmenn allir fengu hlutdeild í framförum og bættri stöðu, að fiskibæirnir fyrir austan, norðan og vestan gátu í krafti nýrra tækni skilað auknum verðmætum í þjóðarþúið og um leið bætt hag og farsæld íbúanna. Það mátti þá með sanni segja að framförin væri landsins alls og þjóðin gat í sameiningu fagnað góðum verkum.

Um þessar mundir kveður stundum við annan tón og sumir efast um að byggðarlögin geti öll átt örugga framtíð; eitthvað muni undan láta þegar fram í sækir og munurinn á aðstöðu og tækifærum sífellt vaxa ár frá ári. Enginn býr yfir fullvissu um framtíðina en þó er ljóst að við stöndum nú í mörgu tilliti á vegamótum, að árin sem í hönd fara verða afdrifarík við mótun þeirra framtíðar sem byggðarlaganna bíður á nýrri öld.

Það skiptir miklu að öllum verði á næstu árum tryggður aðgangur að þeirri tækni sem í æ ríkara mæli er burðarás í upplýsingabyltingu okkar tíma og móta mun atvinnuhætti og lífsstíl fólks um heiminn allan, að tengingin við þjóðbrautir fræðslu og þekkingar, viðskipta og þjónustu verði í öllum byggðum örugg og hagkvæm, að skólar, heimili og fyrirtæki sem hér eru eystra og annars staðar í byggðum landsins sitji hvað þetta snertir við sama borð og höfuðborgin eða íbúar í háþróuðum hlutum heims.

Við eigum núna völ á tækni sem umbylt getur allri aðstöðu til atvinnu og sköpunar í byggðum landsins og brýnt að hún verði fullvirkjuð án tillits til búsetu eða fjarlægðar. Að þessu leyti færir öldin nýja okkur fjölþættari tækifæri en áður þekktust og í rauninni sannkallaðan undraheim ef horft er til þeirra tíma þegar kynslóð okkar sem nú nálgumst efri árin var að vaxa úr grasi á landsbyggðinni og gamlan gufan, sendibréfin og stopul koma blaða og tímarita voru helstu tengiliðir við þá sem fjarri voru.

Það getur líka ráðið miklu um hvernig tekst að búa í haginn að við metum rétt þau verðmæti sem fólgin eru í arfleifðinni, sögu og menningu sem byggðir geyma, að við nýtum vel þann efnivið sem felst í því mannlífi sem hér hefur þrífist um langan aldur. Í umróti breytinga skiptir miklu að hlúa vel að rótunum sem veita okkur í senn öryggi og endurnæringu, fortíðinni sem getur orðið farsælt veganesti á framtíðarbraut.

Ég hef í heimsókn minni í dag fundið að í hugum ykkar heimamanna býr ríkur vilji til að skila góðu verki og alúðin sem hér er lögð í uppeldi æskunnar og menntun lýsir í senn bjartsýni og trú á framtíðina.

Ég óska ykkur allra heilla og vona að sú auðlegð sem varðveitt er í austfirskum byggðum megi áfram reynast ykkur farsælt veganesti um ókomna tíð.